



Fundarstaður: Végarður kl. 14:05, tveir nefndarmenn í fjartenginu.

Á fundinn mættu: Þórhallur Jóhannsson, Lárus Heiðarsson, Jóhann F. Þórhallsson, Signý Ormarsdóttir (fjarfundi) og Ásdís Helga Bjarnadóttir, verkefnastjóri. Gunnar Gunnarsson kom inn með fjartengingu kl. 15:45.

Tvískipt dagskrá.

Annarsvegar fundur með Sigurborgu Hannesdóttur og hinsvegar hefðbundinn nefndarfundur.

Fundur með Sigurborgu Hannesdóttur

Minnispunktur frá umræðu

Sigurborg hefur haft það fyrir sið að eiga fund með nefndum um ári eftir að farið er af stað með samfélagsverkefni til að heyra hljóðið í fólki. Hvernig mál hafa þróast og hvort lærdóm megi draga af öllu ferlinu frá fyrsta samfélagsþingi til dagsins í dag. Komið var m.a. inná eftirfarandi þætti:

Hverju breytti Samfélagsþingið?

- Það breytti meiru en við gerðum okkur grein fyrir. Hugmyndir komu fram sem ýttu hlutum af stað sem annars hefðu ekki farið af stað. Gaf fólki tækifæri á að koma málum á framfæri.
- Hefur skipt sköpum til að byrja umræðuna – eins og að rækta blóm – það tók að vaxa þegar Sigurborg kom og hvatti fólk til að huga að þeim og vökva þau.
- Margt var greinilega að gerjast sem fékk tækifæri til að koma upp á yfirborðið og hefur nú að einhverju leiti komið til framkvæmda og/eða búið að opna leiðir fyrir fólk að fylgja hugmyndum og málum eftir með stuðningi verkefnastjóra.
- Þessi gerjun endurspegladist í umsóknum í Samfélagssjóðinn. Það var því mikilvæg og góð ákvörðun að stofna sjóðinn. Vegna hans hefur meira gerst en við þorðum að vona í byrjun. Þörfin var klárlega til staðar.
- Ráðning verkefnastjóra hefur skiptir sköpun til að fylgja þessu eftir. Hún er vel tengd svæðinu sem skiptir máli þó viðveran sé að miklu leiti á Egilsstöðum.
- Mikill uppgangur er á svæðinu, þ.e. ekkert leiguhúsnaði er á lausu, verið er að byggja í dalnum og talsvert margir eru að gera upp eldar húsnaði sem ekki hafa verið í notkun.

Hafa verkefnin sem fengu styrk úr Samfélagssjóðnum fallið að áherslum Samfélagsþinga?

- Já, megin þorri verkefnanna falla að þeim með einum eða öðru hætti.

Er meiri virkni í jaðarhópunum?

- Það hefur orðið meiri virkni en um leið hefur Covid spilað mjög inn í það. Búið er að kalla fram unga fólkið í þorralótsnefnd og stofna samtalshóp, sem og hafa brottnumdir hafið spjall um stofnun áttahagafélags.

Hvernig hefur gengið að vinna með sveitarstjórn, miðað við að bakland Samfélagsnefndar eru íbúarnir?

- Ýmis mál hafa farið frá Samfélagsþingum og – nefnd fyrir sveitarstjórnar. Sum hafa verið afgreidd þáðan önnur hafa verið vísuð til nefnda. Mál sem hafa verið send til nefnda hafa sum hver ekki almennilega skilað sér í ákvörðunum eða komið til framkvæmda.
- Samfélagsnefnd hefur ekki fundað oft með sveitarstjórn, aðeins gagnvart verkefninu um byggðakjarna í Fljótsdal.
- Stefnt er á að halda Samfélagsþing að hausti milli umræðna um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins þannig að mögulega sé strax hægt að setja verkefni sem falla þar undir beint inn í fjárhagsáætlunina.

Hefði mátt gera eitthvað öðruvísi?

1. Nefndarmenn töldu að ferlið hefði gengið vel og sáu ekki í fljótu að neinu hefði mátt að breyta eða gera öðruvísi. Töldu það hafa verið gæfu að fá verkefnastjórnann í gegnum Austurbrú með tengingu við þá stofnun sem og Byggðastofnun í gegnum samstarf verkefnastjóranna innan Brothættra byggða. Ánægjulegt og dýrmætt að vera með þessar tengingar.

Samfélagsverkefnið er skilgreint til áramóta 2022 en samkvæmt öllu eru sveitarstjórnarkosningar að vorið 2022.

Sigurborg þakkaði fyrir fundinn og samtalið, einnig kom fram hjá henni hvað verkefnastjórninn stæði sig vel og væri góðum kostum búinn sem hentaði verkefninu vel. Sagðist vera mjög ánægð með framgang verkefnisins og að heyra af þeim árangri sem hefur náðst. Það væri greinilega „Fögur framtíð í Fljótsdal“.

Nefndarmenn þökkuðu Sigurborgu fyrir hennar mikilvæga framlag í upphafi verkefnisins og fyrir samstarfið í þessu ferli.

Sigurborg vék af fundi um kl 15:00.

Hefðbundinn nefndarfundur

Þórhallur formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl 15:15.

1. Mannabreyting í stjórn.

Arna Björg Bjarnadóttir fyrsti formaður Samfélagsnefndar og varaformaður hefur sagt sig frá störfum nefndarinnar vegna búferlaflutninga. Í hennar stað kemur í nefndina fyrsti varamaður Gunnar Gunnarsson, sem jafnframt var kjörin varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn þakka Örnunni fyrir hennar drifkraft til handa verkefninu og hennar góða framlag í nefndinni.

2. Staða verkefna

Verkefnastjóri fór yfir nokkur mál. Annars hefur upplýsingum um stöðu verkefna verið miðlað til nefndarmanna með tölvupósti, í gegnum síma og um fésbókarsíðu nefndarinnar

- a. *Hengifoss* – Sveitarstjórn samþykkti að fela oddvita og sveitarstjóra að taka markvissar á málum gagnvart Hengifoss svæðinu. Verkefnastjóri FFF var beðin að taka þátt í þeirri vinnu með þeim. Sú vinna er í gangi en verður farið yfir hana síðar.

- b. *Byggðakjarninn* – TGJ skilaði úttekt þar sem lagðir voru til þrjú ákjósanlegir staðir fyrir byggðakjarna. Haldinn var íbúafundur þar sem farið var yfir aðferðafræðina og niðurstöðuna og kallað eftir athugasemdum og ábendingum. Verkefnastjóri tók saman það sem þar kom fram, í gegnum samtöl og innsendar athugasemdir. Samantektin kynnt nefndinni og sveitarstjórn. Sveitarstjórn samþykkti í anda samfélagsnefndar þrjú staði til áframhaldandi vinnu, þ.e. Vallholt, Hjarðaból og Brekkugerðishús, þar sem velvilji er gagnvart landeigendum til samkomulags um land. Því var komið á framfæri við TGJ til vinnu við skref tvö í verksamkomulaginu. Í framhaldi var farið í eftirfarandi og niðurstöðum komið á framfæri við bæði Samfélagsnefnd og Sveitarstjórn:
- i. Gerð var úttekt af formanni skipulags- og byggingarnefndar ásamt Skipulags- og byggingafulltrúa á þessum þremur ofangreindum jörðum er varðar praktíska þætti við skipulagsvinnu, s.s. tenginu við internet og rafmagn, neysluvatn fyrir vatnsveitu, gatnagerð innan svæðis, aðstöðu til fráveitu- og vatnslagna, skólphreinsunar og grundunar sökkla.
 - ii. Könnun var send út í gegnum Survey Monkey er varðar þarfir fyrir húsnæði og umhverfi byggðar. Niðurstöður einnig sendar á TGJ ráðgjöf.

TGJ skiluðu skýrslu 7. september 2020. Þar var ekki unnið áfram með staðina eins og hafði verið rætt um heldur fóru þeir yfir mat sitt á þessum stöðum og endurmátu Hjarðarból og tóku Kirkjuhamarinn inn í matið á Vallholti, miðað við ósk um aðra staðsetningu kjarnans innan jarðanna frá íbúum. Einnig var talsverð vinna lögð í að svara þeim athugasemdum sem fram höfðu komið frá íbúum hreppsins.

- iii. Þann 8. október 2020 er boðaður sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og samfélagsnefndar með TGJ ráðgjöf.

Nefndarmenn lýstu yfir ánægju með könnunina sem og þeirra gagna sem fyrir liggja. Ýmislegt þar kom á óvart.

Samfélagsnefnd stendur með fyrri ákvörðun sinni og sveitarstjórnar um þá þrjú staði sem vinna á áfram með, þ.e. Hjarðarból, Vallholt og Brekkugerðishús. Jafnframt að lögð verði áhersla á eftirfarandi gagnvart útfærslu á byggðakjarnanum:

Við skipulag verði horft til þess að nýta landfræðilega eiginleika svæðisins og að aðlaga byggð að svæðinu. Sérstök áhersla verði áfram á umhverfismál, sjálfbærni, vellíðan, félagslegt rými og miðlægan samfélagsgarð. Með honum er verið að hugsa um sérstöðu kjarnans þar sem íbúar hafa aðganga að ræktunarreitum og grænmetisgeymslu. Aðgangur verði að útivistarsvæði með setplássum, rjóðri, útielldhúsi, leikjagarði og hátíðarlundi með tenginu við göngustíga/hlaupasíga. Áhersla verði lögð á einbýli, annars vegar 60-80 m² hús á 500 m² lóðum og 101-120 m² hús með sambyggðum bílskúr á 1500 m² lóðum. Hins vegar parhús sem eru 101-120 íbúðir með sambyggðum bílskúrum á 2x1500 m² lóðum. Horft verði til eins fjölnota húsnæðis sem liggja miðlægt og er mjög aðgengilegt öllum og í nálægð við samfélagsgarðinn/útivistarsvæðið. Með fjölnota húsnæði er verið að horfa til atvinnuuppbyggingar, s.s. leikskóla, fjarvinnslustöðvar, vinnustofur, o.fl. Horft verði til sameiginlegrar flokkunarstöðvar, aðgengi að hleðslustöð og rúm bílastæði þar sem horft verði einnig til aðgengilegs rýmis fyrir snjómokstur.

- c. *Samfélagssjóðurinn* – Búið er að ganga frá öllum samningum og greiða út fyrstu greiðslur. Verkefnin eru komin mismikið af stað og nokkrir styrkhafar hafa sótt um frest vegna Covid-19 áhrifa. Jákvætt hefur verið tekið í slíkar beiðnir. Mörg verkefni eru þó á áætlun.
- d. *Heilsueflandi samfélag* – Verkefnið ásamt drögum að áherslum fyrir Fljótsdalshrepp var komið á framfæri við sveitarstjórn. HSAM verkefnið er á vegum Landlæknisembættisins. Sveitarstjórn er jákvæð gagnvart samstarfinu og felur samfélagsnefnd að útfæra verkefnið frekar. Verkefnið tekur á nokkrum þáttum sem fram hafa komið á samfélagsþingum, því afar jákvætt. Áherslurnar hafa verið kynntar á fésbókarsíðu nefndarinnar.
Samfélagsnefnd samþykkir að bíða með undirritun samnings við Landlæknisembætti en að hugmyndafræðin verði innleidd inn í þau verkefni sem eru í gangi.
- e. *Fimmtudagsgöngur sumarsins*. Skipulagðar voru kvöldgöngur í Fljótsdal frá miðjum júní og fram í lok ágúst. Að meðaltali tóku 17 manns þátt í þeim, frá 4 og upp í ca 44. Fjórir einstaklingar tóku þátt í nær öllum níu göngunum. Ef taldir eru allir sem sóttu göngurnar er talan 155 manns.
Nefndarmenn töldu þetta afar jákvætt og skemmtilegt samfélagsverkefni. Gaman hefi verið að sjá hversu góð þátttakan var, hvað fólk kom víða að sem og hversu margir brottfluttir mættu. Samþykkt var að halda þessu verkefni áfram næsta sumar
- f. *Fimmtudagskvöld í vetur*. Kannað var hverjir hefur áhuga á að koma að skipulagningu þessa verkefnis. Hópurinn samanstendur af Ann- Marie, Einar Sveini, Kristínu Gunnars og Sigríði Hrönn. Hópurinn hefur fundað og drög að skipulagi annarinnar liggur fyrir fram að áramótum þó Covid-19 geti spilað inn í það. Send var út könnun er varðar áhuga á viðfangsefnum og fyrirkomulagi kvöldanna, sem lögð er til grundvallar. Fjölbreytt dagskrá með fræðslu og skemmtunum. Viðburðir verða fyrst og fremst kynntir á vefnum.
- g. *Végarður* – Ýmsar ábendingar hafa borist er varða hnökra við útleigu (bókanir) og gagnvart nýtingu hússins (vöruþróun/fjarvinnu/veislur). Þessu hefur verið komið á framfæri við sveitarstjóra.
Samþykkt að fulltrúar sveitarstjórnar takið málið upp þannig að færa megi útleiguna til betri vegar.
- h. *Örnafnaskráning* – Nú hafa þrír skilað inn skráningum. Enn reynist erfitt að fá námskeið frá Landmælingum sökum Covid-19. Aðilar hafa verið hvattir til að skrá örnefni inn á loftmyndir sem þeir geta fengið en fæstir hafa viljað það af þeim sem óskuðu eftir því að skrá rafrænt.
- i. *Erlent samstarf* – Að undanförunu hefur komið í gegnum Byggðastofnun fyrirspurnir um mögulega samstarfsaðila í alþjóðleg verkefni. Verkefnastjóri bar það upp hvort áhugi væri að skoða slíkt samstarf ef verkefnin gætu fallið að áherslum verkefnisins.
Samþykkt að horfa jákvæðum augum á hvert verkefni. Sérstaklega ef áhugi er á þátttöku innan sveitar og aðrir praktískir þættir ganga upp.

j. Önnur verkefni:

- Verkefnastjóri upplýsti nefndarmenn um að leitað hefði verið til hennar um að leysa sveitarstjóra af í fjarveru hans. Oddviti upplýsti að hann hefði rætt þennan möguleika við framkvæmdastjóra Austurbrúar og fengið vilyrði þar gegn samþykki starfsmanns. Taldi mjög jákvætt að hafa starfsmenn til staðar í slíkum tilvikum og tók LH undir það. Nefndarmenn sátir við þetta fyrirkomulag þó æskilegt sé að upplýsa formann um þá viðveru ef um lengri tíma er að ræða.
- Eftirfarandi bókun var gerð á sveitarstjórnarfundi 7.7.2020: „Komið hafa upp hugmyndir um að þeir sem fengu styrk úr samfélagssjóði Fljótsdalshrepps geti hist og unnið að sýnum verkefnum í Végarði ásamt öðrum íbúum hreppsins. Sveitarstjórn tekur jákvætt í þessar hugmyndir. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.“

Þessari bókun var komið á framfæri við verkefnastjóra en minnt er á að allir hafa greiðan aðgang að Végarði og geta boðið þeim sem þeir vilja til samráðs, hvort sem er verkefnastjóra eða öðrum íbúum. Styrkhafar eru fjölbreyttur hópur með mjög ólík verkefni. Bent er á þann möguleik að fá verkefnastjóra til að boða ákveðna aðila til fundar um afmörkuð viðfangsefni og þar með verkefni sem hafa fengið styrk að ósk styrkhafa.

- Verkefnastjóri upplýsti að hún hafi haft samband við verkefnastjóra Betri Borgarfjarðar og kannaði samstarf, þ.e. að halda kynningar og vinnudag í Végarði og þá annan á Borgarfirði. Þar sem kynnt yrðu 1-2 verkefni frá öðrum staðnum og í framhaldi umræður og hugarflug. Vel tekið í þá hugmynd þó snúið sé að finna dagsetningu sem og gagnvart Covid-19.

Nefndin tók vel í þessa hugmynd sem og að efla tengslin þarna á milli.

- k. *Næstu fundir* – Samþykkt að verkefnastjóri og formaður setji upp áætlun fyrir fundi í vetur. Flestir á því að miða við mánaðarlega fundi. Næsti fundur boðaður með sveitarstjórn og TGJ 8. október kl 11:00-15:00 í Végarði.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:05

ÁHBj ritaði